

Alþingi - Félags- og tryggingamálanefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Umhverfisstofnun

Environment and Food Agency of Iceland

• Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík, Island

☎ (+354) 591 2000
Fax (+354) 591 2010
umhverfisstofnun@ust.is
www.umhverfisstofnun.is

Reykjavík, 7. mars 2008
Tilvísun: UST20080200117/tb

Efni: Frumvarp til laga um frístundabyggð, 372. mál, heildarlög.

Vísað er í bréf Félags- og tryggingamálanefnd Alþingis, dags. 18. febrúar sl., þar sem óskað er eftir umsögn Umhverfisstofnunar um frumvarp til laga um frístundabyggð, 372. mál, heildarlög.

Frumvarp það sem hér er til umsagnar fjallar fyrst og fremst um leigusamninga undir lóðir fyrir frístundahús og réttarsamband leigusala og leigutaka. Umhverfisstofnun telur framangreint ekki vera á verksviði stofnunarinnar og gerir ekki athugasemd við þá kafla frumvarpsins sem um þetta fjalla.

Í III kafla frumvarpsins er fjallað um réttindi og skyldur í frístundabyggð þar sem m.a. kemur fram að umráðamönnum lóða undir frístundahús er skylt að hafa með sér félagsskap um sameiginlega hagsmuni. Í 17. gr. er fjallað um hlutverk félagsins og kemur þar m.a. fram að félagið skal taka ákvarðanir um lagningu og viðhald akvega og göngustíga, gerð og rekstur á sameiginlegum svæðum í frístundabyggðinni, svo sem leiksvæðum og bílastæðum, gerð og rekstur á sameiginlegum aðveitum og fráveitum, gerð og viðhald á sameiginlegri girðingu um svæðið og uppsetningu og rekstur öryggiskerfa.


Umhverfisstofnun bendir á að framangreint hlutverk félagsins snýr fyrst og fremst að þáttum sem falla undir almennan rekstur frístundabyggðar. Frístundabyggðir eru oft staðsettar á svæðum sem eru verðmæt hvað náttúrufar snertir, s.s. í og við birkiskóga eða í nánd við votlendi o.s.frv. Til að heimilt sé að byggja frístundahús þarf að liggja fyrir samþykkt deiliskipulag. Í samþykktu deiliskipulagi fyrir frístundahúsabyggð geta oft verið ákvæði í greinargerð sem snúa beint og óbeint að vernd þeirrar náttúru sem umlykur frístundahúsabyggðina. Það geta því verið ákvæði sem ýmist eru sértæk hvað varðar mengunarvarnir en einnig má nefna að sett hafa verið ákvæði um að ekki sé heimilt að planta framandi trjátegundum við frístundahúsabyggð þar sem náttúrufar byggðarinnar einkennist fyrst og fremst af birki. Þetta er bæði gert til að vernda gróðurfar en hávaxnar tegundir geta einnig haft áhrif á útsýni. Jafnframt eru oft ákvæði í deiliskipulagi sem eiga að tryggja umferð almennings meðfram árbökkum o.s.frv. og er það gert til að tryggja almannarétt. Í greinargerð með 17. gr. frumvarpsins kemur fram að ákvæði um hlutverk félags sé frávikjanlegt og verkefni talin upp í dæmaskyni.

Umhverfisstofnun leggur því til að í 17. gr. sé einnig talið upp að hlutverk framangreinds félag sé jafnframt að taka ákvarðanir um að fylgja eftir almennum ákvæðum í samþykktu deiliskipulagi, svo sem ákvæðum sem snúa að vernd náttúrfars viðkomandi svæðis, að svo miklu leyti sem það snertir sameiginleg svæði í fristundabyggðinni.

Virðingarfyllst



Kristín Linda Arnadóttir
forstjóri



Trausti Baldursson